

## Ágúst Einarsson

### Hvað getur Háskólinn lagt til umræðunnar?

Erindi á morgunfundi Viðskipta- og hagfræðideilda um hvað er að gera í íslensku atvinnulífi, 30. september 2003

Ágætu áheyrendur

Sjaldan hefur jafnmikið verið talað um viðskipti meðal almennings og nú er. Það er góðs viti. Hinar miklu hræringar undanfarnar vikur er góðar vegna þess að þær þýða breytingar. Umrót og breytingar eru aflvaki viðskiptalífsins. Hér við deildina höfum við undanfarin ár lagt mikla áherslu á frumkvæði og nýjungar í atvinnulífi og er það í samræmi við stefnu sambærilegra háskóladeilda víða um heim. Með þessu bregðast háskólar við auknum viðskiptum og alþjóðavæðingu sem þeir styðja með fræðilegum rökum. Allt þetta kallar á athafnir og er heróp gegn kyrrstöðu. Á eftir þessum hræringum koma aðrar hræringar, nýir einstaklingar og önnur fyrirtæki.

Hinn skapandi máttur eyðileggingarinnar eins og hinn austurríski hagfræðingur Josef Schumpeter orðaði það er uppspretta framfara. Framfarirnar eru geysimiklar um þessar mundir og þær eiga sér víða rætur. Þær eru vegna sífellt frjálsari viðskipta, meiri tækni byggða á raunvísindum og meiri hraða. Þekking, sem einn af framleiðsluþáttunum, skiptir sífellt meira máli og háskólar nærast vel í slíku umhverfi.

Rauði þráðurinn í breytingum í viðskiptum er eitt lítið orð sem er samkeppni. Fræðin kenna að aukin samkeppni sé alltaf af hinu góða og hana ber að efla og styðja með öllum ráðum. Þannig náum við fram hagkvæmustu nýtingu takmarkaðra framleiðsluþátta og við tryggjum sem mesta verðmætasköpun þótt oft komi upp vandmál við skiptingu þessara verðmæta. Sú krafa verður gerð á hendur allra sem hlut eiga að máli að það verður aldrei liðið ef samkeppni minnkar.

Það að samkeppni sé góð sjáum við m.a. á þessari háskóladeild. Nú er Viðskipta- og hagfræðdeild í mikilli samkeppni við aðra skóla. Við tókum þeirri samkeppni, bætum okkur og leggjum áherslu á sérstöðu okkar og nýtum okkar hlutfallslegu yfirburði. Auðvitað gildir það sama um skóla og viðskipti almennt þótt að fleiru þurfi að hyggja í opinberu umhverfi. Samkeppnin milli skóla verður að vera á jafnréttisgrundvelli sem hún er ekki núna, okkur í óhag, en það breytir þó ekki því að fræðin styðja samkeppni af alefli.

Breytingarnar nú gerast einmitt hjá þeim fyrirtækjum sem voru orðin værukær og svifasein. Það býður heim hættu fyrir þau og það er gott. Fyrirtæki eru ekki lengur óhult í skjóli sögunnar eða tengsla við flokka og valdastofnanir. Það er enginn óhultur í hinu nýja viðskiptaumhverfi og það er líka gott. Flestir vísindamenn innan hagfræðinnar telja aukna alþjóðavæðingu forsendu fyrir því að maðurinn nái tókum á vandmálum framtíðarinnar sem felast í auknum fólksfjölda, misskiptingu í heiminum, hungri og fátækt.

Í viðskiptafræðinni er lögð miklu meiri áhersla á frumkvæði einstaklinga en áður og hlúð er að hugmyndaauðgi hans og áráði. Frumkvöðlafræði er orðin að sérgrein innan viðskiptafræðinnar og er kennd hér sérstaklega við deildina. Reynar eigum við enn betra orð en frumkvöðull yfir entrepreneur en það er orðið athafnaskáld sem Matthías Jóhannesen skáld og fyrrum ritstjóri bjó til endur fyrir löngu. Ég nota það alltaf í minni kennslu og það lýsir vel hvað við erum að tala um, athafnir og skáld sem er bein tilvísun í okkar sögu og hefðir. Við eigum mörg athafnaskáld og við vorum að sjá til verka þeirra síðustu vikur. Viðskipta- og hagfræðideild hefur notið mjög rausnalegs styrks helsta athafnaskálds Íslands, Gunnars Björgvinssonar í Lichtenstein. Hann er dæmi um vandaðan mann sem skilur að stuðningur við skóla er forsenda fyrir góðri framtíð barna okkar. Mikið væri gott ef nýju athafnaskáldin okkar hefðu hluta af þeirri visku sem sá maður hefur, en ef til vill lærist það eins og annað.

Þótt þessar hræringar nú séu miklar hefur allt verið á fleygiferð í íslensku hagkerfi í meira en áratug. Fyrstu hlutabréfin voru skráð á Verðbréfaþingi Íslands árið 1990. Vöxturinn þar hefur síðan verið geysimikill og fyrirtækjum fjölgaði mikið og fóru upp í 75 árið 1999 en hefur fækkað og eru nú rétt rúmlega 50. Þótt fækkun hafi orðið eru hlutabréfaumsvif hérlendis mjög mikil sé miðað við landsframleiðslu. Skoðanakönnun Viðskiptablaðsins vekur áhyggjur í þessu sambandi þar sem fram kemur að almenningur ætlar í minna mæli að fjárfesta í hlutabréfum en áður. Viðskiptalífið er ekki aðeins fyrir fáa útvalda, sem eru í forustu fyrir nokkur fyrirtæki, heldur er viðskiptalífið sameign okkar allra.

Það er brýnt að skoða lagaverkið í umhverfi viðskipta. Lög á fjármálamarkaði sem snúa að hlutabréfaviðskiptum eru góð og hafa reynst vel og stuðlað að hinum mikla vexti. Þannig er Ísland með meira verðmæti skráð á Kauphöllinni sem hlutfall af landsframleiðslu en Danmörk, Noregur og Þýskaland og veltan er hér hlutfallslega meiri en hjá löndum eins og Írlandi, Danmörku og Noregi. Þetta er gott og atburðir undanfarna daga draga ekkert úr þessu.

Þótt lög tengd hlutabréfaviðskiptum hafa reynst vel gildir ekki það sama um eftirlitið. Þannig er ólíðandi að það skuli ríkja ágreiningur milli Samkeppnisstofnunar og lögregluvalda hvernig haga beri rannsókn á olíumálinu. Þetta er réttaróvissa sem stjórnámálamenn bera ábyrgð á. Sömuleiðis er algerlega ólíðandi að brot fyrnist vegna þess að svo langur tími leið til rannsóknar eins og gerðist í grænmetismálinu. Almennur á heimtingu á skýru regluverki og fræðin styðja þá kröfu vegna þess að óvissa veldur kostnaði og óhagkvæmni. Rannsóknir á brotum taka hér óhæfilegan tíma og má þar nefna rannsókn á tryggingafélögunum og skattamálum Baugs og Norðurljósa. Það er sömuleiðis ekki líðandi þegar fólk í ráðandi stöðum talar þannig að ekki megi selja hinum eða þessum hlutabréf vegna þess að hann teljist ekki til réttis hóps. Slík viðhorf eru rakalaus.

Sama gildir um verksvið þjónustuaðila. Reyndur fjármálamaður sagði við mig í síðustu viku að síðasti aðilinn sem hann myndi tala við um gott viðskiptatækifæri væri bankinn því hann væri hræddur um að bankinn myndi ráðast sjálfur í verkið.

Það er nýtt í okkar þjóðfélagi að forustumenn viðskipta og aðrir áberandi í þjóðlífinu séu að taka sess kónga og aðalsfólks eins og þeim er lýst í dönsku blöðunum enda komin sérstök tímarit um slíkt efni hér. Slík persónuumræða má þó ekki leiða athyglina frá því sem skiptir máli sem er hagkvæmni og samkeppni. Valdahugsanir fyrri tíma um Kolkrabba og Sambandsfyrirtæki og arftaka þeirra er einfaldlega arfur frá tíma óhagkvæmni og fákeppni. Þótt fákeppni ríki hér víða vegna smæðar markaðar og mikillar fjarlægðar frá öðrum löndum verður að gera kröfu til íslensks viðskiptalífs að leitast sé af fremsta megni að efla samkeppni. Eignaraðild erlendra fyrirtækja hefur víða reynst vel og við ættum í enn meira mæli að laða útlendinga til okkar alveg eins og okkar sterkustu fyrirtæki hafa náð miklum árangri erlendis.

Viðskiptalífið á að vera frjálst en ábyrgt og þá farnast okkur vel. Stjórnsmál eiga ekkert erindi í viðskiptum, ekkert frekar en í háskólum. Besta eftirlitið er gangsaði viðskipta og og gagnrýnin umræða. Þótt vitaskuld sé ekkert að því að ágreiningsefni í viðskiptum séu leyst fyrir dómsstólum verða stofnanir eins og bankar að gæta sérstaklega að öllu sem hugsanlega orka tvímælis. Atburðir síðustu daga sýna að meiri varkárni hefði verið nauðsynleg. Traust verður að ríkja og ekkert má gera til að raska því.

Viðskipta- og hagfræðideild vill vera samvíska viðskiptalífsins og gæta hagsmuna neytenda, almennings. Við viljum leggja til í umræðuna hvað eina sem styður þau fræði sem við kennum. Flestir af ráðandi fólki í íslensku viðskiptalífi eru fyrrum nemendur okkar eða hafa lært okkar fræði annars staðar. Við erum stolt af þessu fólki og fylgjumst með þeim eins og foreldrarar eða afar og ömmur gera gagnvart börnum og

barnabörnum. Við viljum að okkar fólk standi sig vel og hafi í heiðri það sem það lærði, m.a. að vera sjálft fyrirmynd í viðskiptum og hegðun. Siðfræði er kennt hjá okkur og fólk lærir í háskóla að lúta fjölmörgum óskrifuðum reglum.

Í Viðskipta- og hagfræðideild eru kennarar hvattir til þess að koma fram með skoðun sína þegar eftir því er leitað. Margir kennarar eru margoft í fjölmiðlum og veita álit á atburðum líðandi stundar, menn eins og Guðmundur Ólafsson, Gylfi Magnússon, Stefán Svavarsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Vilhjálmur Bjarnason og Þorvaldur Gylfson svo dæmi séu nefnd. Þetta er hlutverk okkar. Oft líkar fólk eða ráðandi valdi ekki ummælin en það verður að hafa það. Háskólar eru uppspretta gagnrýni og aðhalds og við tökum það hlutverk alvarlega.

Við viljum m.a. benda á að í viðskiptalífinu er oft verið að höndla með annarra manna fé, í lífeyrissjóðum eða annan sparnað fólks, og þar ber að sýna sérstaka gætni. Lykilinn að aðhaldi er góð menntun og þar er víða pottur brotinn. Þannig þyrftu stjórnarmenn, t.d. í lífeyrissjóðum, að vera betur bærir á það sem er að gerast í viðskiptum. Stjórn fyrirtækis er samstarfsverkefni hluthafa eða eigenda, framkvæmdastjóra og stjórnar. Stjórn og framkvæmdastjórar ráða víða ferðinni á kostnað hluthafa. Þannig þykja það veisluspjöll ef hluthafi stendur upp á aðalfundi hérlendis og óskar eftir nánari upplýsingum. Þetta er óhæfa og verður að breytast. Aðhald verður að vera alls staðar einkum frá hluthöfum. Við höfum heyrt ömurlegar fréttir um fjárfestingar hjá lífeyrissjóðum sem hafa tapað stórfé fyrir umbjóðendum sínum og sama gildir um sveitasjóði eins og dæmin um Raufarhöfn og Lífeyrissjóð Austurlands sýna. Það ber að taka strangt á þessu, ekki hvað síst gagnvart stjórnnum.

Ábyrgð í sífelldu opnara viðskiptalífi er líka stjórnmalámannanna. Við heyrum fréttir af misferlum erlendis eins og Enron og fleirum slíkum í Bandaríkjunum. Ein besta leiðin til að hindra

slíkt er að búa við gott regluverk í lögum um ársreikninga. Þar er margt ábótavant. Færasti maður okkar Íslendinga á þessum sviði, Stefán Svavarsson, dósent við deildina, sem hefur kennt flestum íslenskum endurskoðendum, sagði af sér í vor sem formaður Reikningsskilaráðs vegna óánægju með frumkvæðisleysi stjórnvalda í þessum efnum. Þetta er grafalvarlegt og við spyrjum héðan úr fræðamiðstöðinni hvort við þurfum virkilega að upplifa stórfelld brotamál í viðskiptalífinu til að stjórnvöld taki við sér. Orð Stefáns hafa gilt sem hið sanna í áratugi og vitanlega er eins í þessu tilviki en það er eins og enginn vakni og fjölmiðlar kveikja ekki einu sinni á hættunni.

Við höfum sótt margt gott til útlanda eins og EES samninginn sem hefur reynst viðskiptalífinu einstaklega vel. Við sjáum líka breytingar á mörgum sviðum sem við getum rakið beint inn í háskólakerfið. Líftækniíðnaðurinn er umsvifamikill hér og þar er háskólamenntað starfsfólk á hverju strái. Miklir möguleikar eru í heilbrigðisvísindum eins og við sjáum t.d. á fyrirtækinu Össuri og auðvitað gætum við nýtt okkar hámenntuðu heilbrigðisstétt til gjaldeyrstekna ef við sjáum þetta svið sem viðskiptatækifæri. Við erum þjóð á heimsmælikvarða í vatnsaflsvirkjunum og gætum fylgt því eftir í viðskiptum. Við erum með Jarðahitaskóla Sameinu þjóðanna hérlendis en það eru Danir sem koma hingað til lands við útskriftir og selja nemendunum, sem koma alls staðar úr heiminum, tæknibúnað til að nota í hitaveitur í heimalöndum þeirra. Það er umhugsunaefni fyrir okkur að við smíðum varla eitt einasta rafeindatæki tengt fiskveiðum og þó eru flest nýju erlendu tækin prófuð við íslenskar aðstæður. Þó margt sé vel gert er margt eftir.

Einu sinni líkti ég á opinberum vettvangi fjármálamönnum okkar við aflskipstjóra fyrri tíma. Þetta þótti mörgum guðlast en samanburðurinn er réttur. Fjármálaheimurinn getur orðið uppspretta lífskjara framtíðarinnar. Alveg eins og aflskipstjórar byggðu grunn að velferð okkar á fyrri hluta seinustu aldar geta

umsvif í viðskiptum, einkum á fjármálamarkaði, staðið undir lífskjörum í framtíðinni.

Háskólinn getur lagt marga til umræðunnar og búið í haginn fyrir framtíðina. Nú er upplýsingaiðnaðurinn aftur að hressast í alþjóðaviðskiptum enda gat ekki annað orðið. Þegar tæknibylting verður þarf að hafa þolinmæði þótt nú þurfi ekki að bíða lengi. Netið hefur farið miklu hraðar um heiminn en rafmagnið á sínum tíma. Við verðum einfaldlega ekki vör við þetta þar sem við erum í miðjum straumnum.

Háskólinn er tilbúinn að svara öllum spurningum um öll efni og taka þátt í samfélagsumræðunni byggt á hinum ólíkum fræðum sem hér eru kennd. Stundum er sagt að Háskólinn sé fíllabeinsturn sem láti sér einungis fræðin varða. Þetta er rangt. Háskólinn, og þessi deild sérstaklega, vill vera og er á fullu í opinni umræðu um viðskiptalífið og hún mun áfram vera gagnrýnin þegar svo ber undir en jafnframt jákvæð.

Þakka ykkur fyrir.